

Komdu að sauma - Haustönn

Kennarar: Ingunn Elísabet Víktorsdóttir

| 10, 8, 9

Skólaárið

2024 - 2025 - Haustönn.

Helstu námsþættir vetrarins

Í valinu verður í boði að sauma verkefni á saumavélina og/eða sauma krosssaumsmynd að eigin vali. Dæmi um verkefni væri t.d. saumuð hettupeysa, stuttermabolur, taupoki (tote bag), snyrtibudda eða náttbuxur. Hægt er að sauma allskonar myndir í krosssaum, tilbúnar myndir eða eftir eigin útfærslu.

Kennsluskipulag vetrarins með fyrirvara um breytingar

Kennt er á miðvikudögum fyrir áramót. Hver nemandi fær einn tíma í viku, 80 mínútur í senn.

Námsaðlögun

Nemendur vinna einstaklingslega að verkefnum þar sem komið er til móts við getu hvers og eins. Þeir eru sífellt að bæta ofan á fyrri þekkingu í faginu.

Námsmat

Lögð er áhersla á virkni og skapandi vinnubrögð í kennslustundum. Hugmyndavinna og lokaafurð er metin og í lok skólaárs fá nemendur lokið/ólökið ásamt umsögn.

Námsgögn

Efni og verkfæri sem hæfa hverju viðfangsefni fyrir sig.

AS Komdu að sauma - valgrein '24 - '25

- **Hæfnieinkunn**
- beitt fjölbreyttum aðferðum og áhöldum greinarinnar
- unnið með snið og uppskriftir, tekið mál, áætlað stærðir og efnisþörf
- beitt skapandi og gagnrýnni hugsun í hönnun og textílvinnu